

Undirskriftasöfnun: Björgum KIOSK 108 - Styðjið menningarhjartað á Seyðisfirði, ÍSLANDI!

Nú þarf að bregðast hratt við! Skrifaðu undir ósk okkar um að fá að vera áfram á sama stað - Verndaðu menningarstaðinn okkar!

Kæru stuðningsmenn lista, menningar og samfélags,
Við leitum eftir stuðningi þínum til að standa vörð um KIOSK 108, sem er sjálfstætt listaverk með þann yfirlýsta tilgang að hlúa að menningu, tónlist og myndlist á Seyðisfirði, ÍSLANDI.

Ógnin: Yfirvofandi brottrekstur

Okkar ástkæra KIOSK 108 okkar stendur frammi fyrir yfirvofandi brottrekstri af þeim stað þar sem það stendur núna. Yfirvofandi brottrekstur ógnar þessari menningarvin sem stendur í einangruðum smábæ á jaðri veraldar. Sveitarstjórn sveitarfélagsins Múlaþings, sem staðsett er á Austurlandi, hefur neitað KIOSK 108 um nauðsynleg áframhaldandi leyfi og var ákvörðun um fyrirhugaðan brottflutning verksins tekin í fjarveru eigandans og listamannsins, Moniku Fryčová. Listamaðurinn er við störf erlendis sem fulltrúi Íslands á listmálþingi á Míritius og Sri Lanka. Þessi ákvörðun er fordæmalaus og öfgakennd.

Okkar málstaður: Verjum hjarta bæjarins

KIOSK 108, er meira en bara vettvangur; KIOSK 108 er táknrænt fyrir anda bæjarins og sál. Þrátt fyrir að hafa verið kjörinn gestgjafi Listahátíðar í Reykjavík 2024, hafnaði sveitarstjórn Múlaþings því að veita KIOSK 108 áframhaldandi leyfi. Höfnunin og ákvörðun um brottflutning ógnar innsta kjarna listarinnar í okkar samfélagi. Listamaðurinn Monika Fryčová hefur tekið virkan þátt í samtali við Múlaþing, lagt fram tillögur og sýnt fram á vilja til að vinna að því að auðga menningu bæjarins.

Óréttlætið: Skortur á stuðningi og skilningi

Þrátt fyrir viðleitni okkar og sýnilegan árangur KIOSK 108 við að laða að listamenn, ferðamenn sem og heimamenn höfum við fengið takmarkaðan stuðning frá Múlaþingi. Í því felst ákveðið skilningsleysi fyrir því sem við erum að leggja til í samfélaginu. Skortur á umræðu og áhuga á að styðja við nýstárlega list verkefnisins er hamlandi.

Ósk okkar: Varðveitum þennan töfrandi stað

Við sóttum um að vera áfram á sama staðnum við Lónið því staðsetningin er mikilvægur hluti af verkefninu. Sú staðsetning sem lögð er til í staðinn fyrir núverandi staðsetningu er óhentug því hana skortir þann samfélagslega lífleika sem er grundvöllurinn í hugmyndafræði verkefnisins. Við biðjum þig til að verja þennan töfrandi stað með okkur, stað sem er orðinn mikilvægur hluti af ímynd Seyðisfjarðar.

Áskorunin: Mismunun gegn árangri

Monika Fryčová stofnaði fyrirtæki sitt, NO PANIC EHF, til að stjórna listaverkinu löglega og borga af því skatta og skyldur eins og lög gera ráð fyrir. Þrátt fyrir það virðist sem árangur okkar sé orðinn grundvöllur fyrir mismunun. Hvernig ætlar sveitarfélagið að styðja við sitt fólk sem vill leggja af mörkum til samfélagsins?

Arfleifð okkar: Alþjóðleg viðurkenning og þátttaka

KIOSK 108, sköpunarverk Moniku Fryčová og teymi hæfileikaríkra listamanna, hefur fengið alþjóðlega viðurkenningu með sýningum í Portúgal, Míritius og Tékklandi. Yfirvofandi lokun stofnar ekki aðeins verki listamannsins í hættu heldur einnig samstarfi stofnana, listamanna og menningarsamfélagsins.

Kiosk 108 var styrkt af íslenskum menningar- og listastofnunum:

Uppbyggingarsjóði Austurland, Muggur, Myndlistarsjóður, The Icelandic Art Center, Myndstef, Listamannalaun (by Ministry of Culture Art sallary)

Margar umsagnir og lýsingu er hægt að skoða á: Google reviews, Tripadvisor, Restaurant Guru, Kayak travel guides - Instagram - kiosk108iceland - www.kiosk108.net

Stuðningur þinn skiptir máli: Skrifðu undir áskorunina!

Við hvetjum þig til að skrifa undir áskorun okkar og standa með okkur til að bjarga KIOSK 108. Stuðningur þinn skiptir sköpum við að varðveita mikilvæga menningarmiðstöð á Seyðisfirði.

Varðveittu list, varðveittu menningu, varðveittu KIOSK 108!

[Link to Petition - <https://www.change.org/>]

Hjartans þakkir fyrir áhuga þinn og stuðning!

Með kveðju,

Monika Fryčová - NO PANIC Ehf. KIOSK 108